# Greiðslur vegna nemenda sem stunda nám utan Dalabyggðar

1. gr.

Með vísan til ákvæða í þriðju málsgrein 5. greinar laga um grunnskóla nr. 91/2008 eiga allir nemendur með lögheimili í Dalabyggð rétt á skólavist í grunnskóla sveitarfélagsins. Með vísan til 4. greinar laga um leikskóla nr. 90/2008 eiga sveitarfélög að hafa forustu um að tryggja börnum leikskóladvöl. Í verklagsreglum um innritun og vistun í leikskóla Auðarskóla segir að skilyrði fyrir leikskóladvöl barns er að fjölskylda þess eigi lögheimili í Dalabyggð skv. þjóðskrá.

2. gr.

Foreldrar/forráðamenn geta sótt um námvist/vistun fyrir börn í grunnskóla/leikskóla utan síns lögheimilissveitarfélags. Sækja þarf um það til skrifstofu Dalabyggðar. Sótt skal sérstaklega um fyrir hverja skólaönn og skal það gert fyrir 1.dessember ár hvert fyrir vorönn og svo aftur fyrir 1.júlí ár hvert fyrir haustönn.

Ef lögheimili nemanda flyst eftir að hann hefur byrjað skólagöngu í því sveitarfélagi, sem hann átti lögheimili í fyrir flutning, heimilar Dalabyggð fyrir sitt leiti, enda komi ekki til greiðslu Dalabyggðar, að hann ljúka námi í þeim skóla sem hann stundaði nám í við flutninginn til loka skólaársins.

Umsókn um vist utan Dalabyggðar skal fylgja rökstuðningur forsjáraðila fyrir því hvers vegna talið er að nemandi geti ekki verið vistað/stundað nám í Auðarskóla. Dalabyggð er heimilt að fá álit sérfræðings á umsókn og þeim rökum sem þar eru tiltekin.

Umsóknir sem berast utan áður nefnds tíma án þess að til komi lögheimilisbreyting verða teknar fyrir sérstaklega.

3. gr.

Sveitarstjórn felur fjölskyldu- og fræðslusviði Dalabyggðar að afgreiða umsókn um skólavist í öðru sveitarfélagi og staðfesta greiðsluskyldu sveitarfélagsins vegna

skólavistar nemandans, að því gefnu að afgreiðsla rúmist innan fjárhagsramma málaflokksins og að umsókn falli undir forsendur sem tilgreindar eru í 4. grein.

Greiðslur miðast við viðmiðunargjaldskrá Sambands íslenskra sveitarfélaga sem gefin er út í upphafi hvers skólaárs. Greiðslur til sjálfstætt starfandi grunnskóla eru 75% af útgefinni hagstofutölu.

Ef um viðbótarkostnað er að ræða skal um það semja sérstaklega.

Greiðslubyrði vegna vistar nemanda fellur ekki á sveitarfélagið án samþykkis þess.

Foreldrar/forráðamenn bera ábyrgð á að innrita nemandann í viðtökuskóla og Dalabyggð sendir staðfestingu til viðtökusveitarfélags og viðtökuskóla um greiðslur hafi umsókn verið samþykkt.

Afgreiðsla fjölskyldu- og fræðslusviðs á umsókn um skólavist nemenda er stjórnsýsluákvörðun og skal ágreiningi um afgreiðslu vísað til byggðarráðs.

4. gr.

Dalabyggð samþykkir greiðslur vegna skólavistar í öðru sveitarfélagi á einum af eftirfarandi forsendum:

a) að nemandi eigi við náms- og/eða félagslega örðugleika að stríða í skólavist sinni sbr. 17. gr. grunnskólalaga nr. 91/2008 eða aðstæður kalla á slíka ráðstöfun á grundvelli laga um samþætta þjónustu í þágu farsældar barns (lög nr. 86/2021).
b) að nemandi þurfi að fylgja foreldri/foreldrum sem stunda háskólanám sem krefst tímabundinnar búsetu utan Dalabyggðar, enda teljist námið lánshæft að mati Lánasjóðs íslenskra námsmanna.
c) að nemandi af félagslegum ástæðum þurfi að stunda nám annars staðar en í heimahéraði sbr. 75. gr. barnaverndarlaga.
d) að foreldrar/forsjáraðilar sæki atvinnu yfir í það sveitarfélag sem sótt er um skólavist í fyrir nemanda, miðað er við að föst vinnustöð sé þá nær þeim skóla sem sótt er um skólavist í, heldur en Auðarskóla.
e) þegar nemanda er ráðstafað í fóstur samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga nr. 80/2002.

f) svo umsókn geti hlotið afgreiðslu á grundvelli ofangreindra forsenda þarf hún að hafa borist á tilsettum tíma, sbr. 2. gr.

5. gr.

Skólastjórnendur Auðarskóla geta í samráði við fjölskyldu- og fræðslusvið Dalabyggðar heimilað nemendum úr öðrum sveitarfélögum vist í Auðarskóla sé þess óskað, enda liggi fyrir samningur við hlutaðeigandi lögheimilissveitarfélag um greiðslu námskostnaðar áður en vist hefst.

6. gr

Ofangreindar reglur taka að öðru leyti mið af viðmiðunarreglum Sambands íslenskra sveitarfélaga um námsvist nemenda í grunnskólum og leikskólum utan lögheimilissveitarfélags.

Samþykkt á xxx. fundi sveitarstjórnar Dalabyggðar þann 12. nóvember 2026.